

Kennsluáætlanir 2025 – 2026

Birtar á heimasíðu skólans og með fyrirvara um breytingar

Tækniþema 8.bekkur

Markmið, kennsluaðferðir og kennarar

Markmið og kennsluaðferðir: Í Tækniþema er lögð áhersla á að þjálfa nemendur í öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga á gagnrýnninn og skapandi hátt. Verkefnin byggja bæði á áhuga nemenda og samþættingu við önnur viðfangsefni í þema. Nemendur læra að nýta fjölbreytt verkfæri og miðla afrakstri á mismunandi formum.

Kennsluaðferðir í upplýsinga- og tæknimennt byggja fyrst og fremst á verkefnamiðaðri nálgun þar sem nemendur vinna raunhæf og skapandi verkefni sem tengjast bæði áhugasviðum þeirra sem og samþættingu við aðrar námsgreinar. Kennarinn kynnir nemendum fyrir nýjum verkfærum og aðferðum með stuttum kynningum og sýnikennslu. Megináherslan í kennslunni er þó á verklega vinnu þar sem nemendur fá að prófa, skapa og miðla eigin afurðum.

Áhersla er m.a. lögð á samvinnu og jafningjafræðslu, þar sem nemendur miðla þekkingu sinni til hvors annars, sérstaklega í gegnum jafningjafræðslu verkefnið sem tengist stafrænu öryggi og samfélagsmiðlum.

Kennsluhættir byggja einnig á leiðsagnarmati þar sem nemendur fá reglulega endurgjöf á vinnu sína og eru hvattir til að ígrunda eigið nám. Með þessum hætti er stuðlað að því að nemendur þrói með sér sjálfstæði, ábyrgð og gagnrýna hugsun í vinnu með tækni og miðlun upplýsinga.

Kennari: Birna Friðgeirsdóttir, birnaf@seltjarnarnes.is

Námsmat

Námsmat í Tækniþema byggir á hæfniviðmiðum sem nemendur eiga að kunna við lok 10. bekkjar. Hæfni nemenda er metin út frá fjölbreyttum verkefnum og því hvort nemandi hefur náð markmiðum þess. Hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda eru metin í bókstöfum (A, B+, B, C+, C, D, L og Ó) auk þess fá nemendur lokið eða ólokið fyrir verkefni í Mentor.

Gott er að taka fram að lokaeinkunn nemenda í Tækniþema í 8. bekk er sú einkunn sem lokamat í 10.bekk byggir á. Ástæðan fyrir því að Tækniþema er kennd í 8. bekk fremur en 10. bekk er að nemendur öðlist fyrr þá grunnfærni sem þeir nýta áfram í námi sínu í grunnskólanum.

Námsaðlögun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur vinna á eigin forsendum, eftir getu sinni og undir leiðsögn
- Kennarar veita bráðgerum nemendum tækifæri til að dýpka námsefnið hverju sinni
- Sérkennarar og faggreinakennarar vinna saman að því að finna leiðir og verkefni sem henta þroska og getu nemenda
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem geta ekki fylgt skólanámskrá

Hlutverk og vinnulag nemandans

Hér koma fram viðmið um:

Samskipti	Samskipti nemenda og kennara eiga að einkennast af virðingu og tillitssemi. Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni og hegðun í skólanum.	Viðbrögð við ritstuldi	Nemendur læra að virða hugverk annarra og þróa eigin færni í að skrifa og vinna á réttan hátt með heimildir. Viðbrögð: • Nemandi fær tækifæri til að vinna verkefnið að nýju með leiðsögn. • Við endurtekið brot fær nemandi D fyrir metin hæfniviðmið og getur ekki skilað verkefninu inn að nýju.
Mæting og virkni í tímum	Kennari og nemendur mæta stundvíslega í tíma og skapa fljótt rólegt andrúmsloft sem er forsenda árangursríks og ánægjulegs náms.	Heimavinna og hjálpargögn	Heimavinna í Tækniþema er ætluð að vera lítil sem engin, þar sem nemendur fá góðan tíma til verkefnavinnu í kennslustundum. Ef nemendur nýta tímann ekki til fulls, geta þeir þó þurft að ljúka verkefnum heima. Nemendur bera ábyrgð á því að skila verkefnum á réttum tíma. Hjálpargögn geta verið fjölbreytt, til dæmis leitarvélar, námsvefir og annað stafrænt efni. Nemendur fá leiðbeiningar og sýnikennslu á hvernig best er að nýta þessi gögn á ábyrgan og

			árangursríkan hátt til að styðja við nám sitt.
Hlutverk nemenda	Nemendur fylgjast með athygli á innlögn og sýnikennslu, taka virkan þátt í umræðum og nýta það sem þeir læra til að vinna sjálfstætt og/eða í samvinnu við aðra. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum og skila verkefnum á réttum tíma.	Hlutverk kennara	Kennarinn styður nemendur við verkefnavinnu, leiðbeinir eftir þörfum og skapar umhverfi þar sem nemendur geta nýtt tímann sem best til náms og sköpunar.

Lykilhæfni í námsgrein

Lögð er áhersla á eftirfarandi lykilhæfniviðmið í námsgreininni:

Nemandi getur:

- Valið úr fjölbreyttum leiðum til miðlunar
- Tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og túlkað þær
- Sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum
- Greint á milli áreiðanlegra og óáreiðanlegra miðla, áróðurs og upplýsinga
- Skipulagt, ígrundað og borið ábyrgð á eigin námi

Námsáætlun

Birt með fyrirvara um breytingar

Tímabil og viðfangsefni	Hæfniviðmið Byggð á hæfniviðmiðum við lok 10. bekkjar	Námsmat	Kennsluaðferðir	Námsefni
Ágúst - Sept. Flokkun gagna og upprifjun í Google umhverfinu	<i>Nemandi getur:</i> -Flokkað, vistað og varðveitt gögn á öruggan hátt	Nemendur flokka gögn sín á Google Drive skýjageymslunni í möppur og vinna tímaverkefni um	- Sýnikennsla kennara - Leiðsagnarmat þar sem kennari bendir nemendum á hvar þau geta bætt sig	Efni frá kennara á Google Classroom

		hvað þau kunna í Google umhverfinu		
September Framsetning skjala í Canva	<i>Nemandi getur:</i> - valið og nýtt hugbúnað við fjölbreytta netmiðlun. -valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreytta hönnun, myndvinnslu og myndsköpun	Nemendur vinna verkefnið “Kynnumst betur með Canva” þar sem aðal áherslan er lögð á skapandi útlit og uppsetningu.	- Sýnikennsla kennara - Leiðsagnarmat þar sem kennari bendir nemendum á hvar þau geta bætt sig	Efni frá kennara á Google Classroom
Október Gagnvirk kynning með hljóðupptöku	<i>Nemandi getur:</i> - valið og nýtt hugbúnað við gerð og framsetningu fjölbreyttra og gagnvirkra kynninga	Nemendur vinna verkefnið “Canva talgærur” þar sem áhersla er lögð á framsetningu á gagnvirkri kynningu með hljóðupptöku.	- Sýnikennsla kennara - Leiðsagnarmat þar sem kennari bendir nemendum á hvar þau geta bætt sig	Efni frá kennara á Google Classroom
Október- Nóvember Fjölbreyttur hugbúnaður í Canva	<i>Nemandi getur:</i> -valið og nýtt hugbúnað við fjölbreytta netmiðlun.	Í verkefnunum „Magic Studio“ og „Magic Edit“ kynnast nemendur nýjum búnaði í Canva, fá sýnikennslu og leiðbeiningar við notkun mismunandi verkfæra og búnaðar í forritinu.	- Sýnikennsla kennara - Leiðsagnarmat þar sem kennari bendir nemendum á hvar þau geta bætt sig	Efni frá kennara á Google Classroom
Desember Myndvinnsla	<i>Nemandi getur:</i> -valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreytta hönnun, myndvinnslu og myndsköpun	Nemendur vinna verkefnið „Myndvinnsla/Photoshop“ og „Myndgervill/Gervigreind“, þar sem þeir kynnast tveimur ólíkum aðferðum í myndvinnslu: hefðbundinni	- Sýnikennsla kennara - Leiðsagnarmat þar sem kennari bendir nemendum á hvar þau geta bætt sig	Efni frá kennara á Google Classroom

Desember Forritun (hour of code)	<i>Nemandi getur:</i> Nýtt forritun til sköpunar og til að efla rökhugsun og lausnaleit.	myndsamsetningu þar sem nokkrar myndir eru sameinaðar í eina, og notkun gervigreindartóla til að búa til myndir á nýstárlegan hátt. Nemendur vinna einföld forritunarverkefni.	- Sýnikennsla kennara - Leiðsagnarmat þar sem kennari bendir nemendum á hvar þau geta bætt sig	Efni frá kennara á Google Classroom
Janúar Hlaðvarpsgerð	<i>Nemandi getur:</i> -valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreyttar upptökur og hljóðvinnslu.	Nemendur vinna að samþættu verkefni með þema þar sem nemendur vinna með hönnun og miðlun, m.a. við gerð lógós, stef og samsetningu hlaðvarps.	- Sýnikennsla kennara - Leiðsagnarmat þar sem kennari bendir nemendum á hvar þau geta bætt sig	Efni frá kennara á Google Classroom
Janúar-Feb Skráning heimilda og uppsetning ritgerða	<i>Nemandi getur:</i> -Unnið með fjölbreyttar heimildir og metið áreiðanleika þeirra, virt höfundarétt og almennt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum -Valið og nýtt hugbúnað við uppsetningu fjölbreyttra ritunarverkefna og ritgerða samkvæmt viðmiðum um	Nemendur vinna að samþættu verkefni með þema þar sem þeir útbúa heimildaritgerð. Í ferlinu læra þeir að skrá heimildir rétt, meta áreiðanleika gagna og heimilda, og huga að uppsetningu og framsetningu ritgerðarinnar.	- Sýnikennsla kennara - Leiðsagnarmat þar sem kennari bendir nemendum á hvar þau geta bætt sig	Efni frá kennara á Google Classroom APA-heimildaskráningakerfið Ýmsar netheimildir

	uppsetningu og frágang -Greint, borið saman og metið á gagnrýninn hátt trúverðugleika og áreiðanleika gagna, upplýsinga og stafræns efnis			
Febrúar Stafræn borgaravitund- jafningjafræðslan	<i>Nemandi getur:</i> -Gert sér grein fyrir stafrænu fótspori og hvernig það mótast af allri nethegðun -Þekkt helstu hættur í stafrænu umhverfi og varið sjálfan sig, búnað og gögn við ýmsum ógnum á netinu og getur nýtt stafrænt umhverfi á uppbyggilegan hátt -gert grein fyrir helstu siðareglum á netinu og skilið hvernig þær byggja á gagnkvæmri virðingu og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti, hatursorðræðu og stafrænum átökum. -Valið og nýtt tæki og hugbúnað við vandaða ljósmyndun og kvikmyndagerð -Valið og nýtt hugbúnað við gerð og framsetningu fjölbreyttra og gagnvirkra kynninga	Nemendur vinna stórt verkefni um stafræna borgaravitund (netið og samfélagsmiðla). Þau útbúa bæði kynningu og myndband um efnið og kynna það fyrir bekknum. Nemendur sem skara fram úr í verkefninu fá svo tækifæri til að miðla þekkingu sinni til nemenda á miðstigi með jafningjafræðslu.	- Gestafyrirlestur (Heimili og skóli) -Leiðsagnarmat þar sem kennari bendir nemendum á hvar þau geta bætt sig -Jafningjafræðsla	Efni frá fyrirlesara Efni frá kennara á Google Classroom Ýmsar netheimildir

Mars Vefsíðugerð	<i>Nemandi getur:</i> - valið og nýtt hugbúnað við fjölbreytta netmiðlun.	Nemendur vinna að samþættu verkefni með þema, þar sem þau læra að hanna og setja upp eigin vefsíður og búa til banner. Uppsetning vefsíðu er kennd og metin innan Tækniþema, en efnið sjálft tilheyrir Þema.	- Sýnikennsla kennara - Leiðsagnarmat þar sem kennari bendir nemendum á hvar þau geta bætt sig	Efni frá kennara á Google Classroom
Apríl Stop Motion kvikmyndagerð	<i>Nemandi getur:</i> - valið og nýtt tæki og hugbúnað við vandaða ljósmyndun og kvikmyndagerð	Nemendur vinna í hópum að samþættu verkefni með þema. Í verkefninu læra þau um Stop Motion kvikmyndagerð sem miðlunarleið. Nemendur búa til eigið myndskleið með Stop Motion tækninni.	- Sýnikennsla kennara - Leiðsagnarmat þar sem kennari bendir nemendum á hvar þau geta bætt sig	Efni frá kennara á Google Classroom Ýmsar netheimildir
Maí Töluleg gögn	<i>Nemandi getur:</i> - valið og nýtt hugbúnað við gagnasöfnun, greiningu og framsetningu á tölulegum gögnum	Nemendur kynnast tölvureikni forritinu Google Sheets og læra hvernig á að vinna með og framsetja töluleg gögn. Nemendur vinna tvær gerðir verkefna til að æfa færni sína.	- Sýnikennsla kennara - Leiðsagnarmat þar sem kennari bendir nemendum á hvar þau geta bætt sig	Efni frá kennara á Google Classroom